



Reykjavík, 5. maí 2020

Niðurstaða varðandi innra eftirlitskerfi og stjórnarhætti Lífeyrissjóðs bankamanna

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitið) framkvæmdi vettvangsathugun hjá Lífeyrissjóði bankamanna í desember 2019. Niðurstaða lá fyrir í apríl 2020.

Markmið athugunarinnar var að kanna hvort sjóðurinn búi yfir fullnægjandi innra eftirlitskerfi er lýtur að fjárfestingarferlinu. Einnig var könnuð umgjörð við framkvæmd eigin áhættumats og umgjörð áhættustefnu og áhættustýringarstefnu. Þá var skilvirkni stjórnar vegna framangreindra þátta könnuð.

Fjármálaeftirlitið óskaði eftir tilteknum gögnum í starfsemi sjóðsins sem viðeigandi voru fyrir athugunina, svo sem verklagsreglum, fundargerðum stjórnar, áhættu- og áhættustýringarstefnu, eigin áhættumati og úrtaki úr fjárfestingum. Tekin voru viðtöl við framkvæmdastjóra, áhættustjóra, stjórnarformann og stjórnarmann.

Að teknu tilliti til þeirra gagna og upplýsinga sem Fjármálaeftirlitið aflaði við athugunina voru ekki gerðar athugasemdir við fjárfestingarferli sjóðsins.

Aftur á móti var talið að ýmsum þáttum í eftirlitskerfi sjóðsins væri ábótavant og því gerðar eftirfarandi athugasemdir:

- Skjalfesting innri ferla áhættustýringar var ekki í samræmi við 7. gr. reglugerðar nr. 590/2017 um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða, sbr. 36. gr. e. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyris og starfsemi lífeyrissjóða (sIsl.).
- Núgildandi áhættu- og áhættustýringarstefna sjóðsins var ekki sett fram með fullnægjandi hætti skv. 2. mgr. 3. gr. og 6. gr. reglugerðar nr. 590/2017 sbr. 36. gr. e. sIsl. Það er álit Fjármálaeftirlitsins að áhættuvilji og áhættuþol eigi að vera sett fram með mælanlegum hætti eftir áhættuþáttum þar sem slíkt á við og er mögulegt.
- Greining og eftirlit með rekstraráhættu var ekki með fullnægjandi hætti, sbr. 1. mgr. og 4. tl. 2. mgr. 6. gr. og 7. gr. reglugerðar nr. 590/2017, sbr. 36. gr. e. sIsl.
- Rýni stjórnar sem og verkferlar og verklag vegna eigin áhættumats uppfyllti ekki þær kröfur sem gerðar eru í 9. gr. og 11. gr. reglugerðar nr. 590/2017, sbr. 36. gr. e. sIsl.